

Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala varðandi jafnlaunavottun

Körlum og konum sem vinna hjá sama launagreiðanda skulu greidd jöfn laun fyrir sömu störf samkvæmt lögum um jafna stöðu og rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Breytingar á þeim lögum frá árinu 2017 skylda fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri til að fá jafnlaunavottun að undangenginni úttekt. Þurfa fyrirtæki því að flokka sömu eða jafnverðmæt störf saman til að geta metið hvort jafnrétti ríki í launasetningu.

Til þess að flokka störf innan Landspítalans hefur Landspítalinn ákveðið að nota breskt starfsmatskerfi NHS (*National Health Service*) með minniháttar breytingum. Lækna ráð vekur athygli á því að breska kerfið tekur ekki til lækna og endurspeglar því ekki eðli og inntak læknisstarfsins. Mikilvægt er að bæði lengd læknanáms og endanleg ábyrgð lækna á greiningu og meðferð sjúklunga séu metin að verðleikum.

Enn fremur telur lækna ráð að sú leið Landspítalans að fela hópi starfsmanna spítalans að velja og þróa starfsmatskerfi sé röng enda getur sú aðferðafræði aldrei talist óbjöguð.

Lækna ráð fagnar því að Landspítalinn vinni að því að starfsmenn sem gegna sömu eða jafnverðmætum störfum fái greidd sambærileg laun.

Jafnframt skorar lækna ráð á Landspítala að taka til gagngerrar endurskoðunar þá leið sem valin var til jafnlaunavottunar. Lækna ráð telur að farsælast sé að leita til óháðra ytri sérfræðinga til þess að útfæra leið að jafnlaunavottun eins og flest önnur stórfyrirtæki landsins hafa gert.

3. apríl 2019